

**BÓKUN 12**  
***UM SAMNINGA VIÐ ÞRIÐJU LÖND***  
***UM SAMRÆMISMAT***

Bandalagið hefur frumkvæði að því að semja við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats á afurðum ef nota skal vörumerki samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins. Bandalagið mun semja á þeim grundvelli að hlutaðeigandi þriðju lönd geri samhliða samninga við EFTA-ríkin um gagnkvæma viðurkenningu sem verði sambærilegir við þá sem gerðir verða við Bandalagið. Samningsaðilar skulu vinna saman í samræmi við þær almennu reglur um upplýsingar og samráð sem settar eru fram í EES-samningnum. Komi upp ágreiningur í sambandi við þriðju lönd verður fjallað um hann samkvæmt viðeigandi ákvæðum EES-samningsins.